



Erindisbréf

Starfshópur um fátækt barna

Hlutverk

Fjölskylduráð samþykkti á fundi sínum þann 05.11.2021 að settur yrði á fót starfshópur sem hefur það verkefni að greina fátækt barna í Hafnarfirði. Starfshópurinn skal afla upplýsinga og kortleggja fátækt barna í Hafnarfirði og greina umfang vandans í bænum. Einnig skal hópurinn leggja fram tillögu að aðgerðum eða aðgerðaáætlun sem ætlað er að koma til móts við þennan hóp í samfélaginu til þess að sporna við sárafatækt hjá börnum og fjölskyldum þeirra. Meginmarkmið hópsins á að vera að öll börn í Hafnarfirði njóti sömu tækifæra og að fátækt hindri ekki þátttöku barna í samfélaginu enda er mikilvægt að styðja börn og foreldra þeirra til samfélagslegrar þátttöku.

Skipan hópsins

Í starfshópnum eiga sæti 2 fulltrúar frá meirihluta bæjarstjórnar, 2 fulltrúar frá minnihluta.

Starfsmenn hópsins

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs og Soffía Ólafsdóttir, deildarstjóri ráðgjafar og húsnæðismála er starfsmenn hópsins.

Skipulag

Hópurinn tekur til starfs eftir að erindisbréf hefur verið samþykkt af fjölskylduráði og skipað hefur verið í starfshópinn. Hópurinn starfar í umboði fjölskylduráðs.

Gert er ráð fyrir að hópurinn fundi að hámarki sex sinnum. Hópurinn skal kalla á fund sinn aðila sem eru sérfróðir um málefnið og líklegt þykir að muni koma að gagni fyrir starfshópinn.

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Áætlaður kostnaður er um 700 þús.

Starfshópurinn skal halda fundargerðir sem lagðar verða fyrir fjölskylduráð. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hennar. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis fjölskylduráðs, fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Fulltrúar í starfshópnum

Eftirtaldir aðilar eru skipaðir í starfshópinn:

Kristjana Ósk Jónsdóttir, frá meirihluta
Linda Hrönn Þórisdóttir, frá meirihluta
Árni Rúnar Þorvaldsson, frá minnihluta
Björn Páll Fálki Valsson, frá minnihluta.



Hafnarfjörður

Samþykkt erindisbréfs

Erindisbréf þetta var samþykkt í fjölskylduráði 18. mars 2022.

Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku